

Tónlistin græðir landið

Landið fýkur burt, heitir nýjasta hljómplata Ríó Tríósins sem nú er komin út. Heiti plötunnar er dregið af tilgangi hennar en þeir Ríó-félagar hafa gefið Landgræðslunni útgáfurétt á plötunni og allan ágóða af sölu hennar í söluátaki sem nú er nýhafið í samvinnu við Lionshreyfinguna.

Í tengslum við þetta söfnunaráttak mun Ríkisútvarpið verða með sérstaka þætti á dagskrá næstu tveir vikur. Hápunkturinn verður þann 16. nóvember en þá mun Rás 2 sinna áttakinu í útsendingu og að kvöldi sama dags verður bein útsending úr Perlunni í Sjónvarpi og á Rás 2. Þar mun Ríó leika lög af plötunni, sem er

fjórtaða LP plata þeirra félaga og með þeim leikur tólf manna strengja-sveit, auk fleiri tónlistarmanna. Lög-in eru að venju eftir Gunnar Þórðarson og textar eftir Jónas Friðrik.

„Við vinnum venjulega þannig að við heyrum lögina ótextuð hjá Gunnari og veitum þá fyrir okkur um hvað við eigum að syngja, hvað passi við lagið. Þegar við vorum að ræða um titillagið, Landið fýkur burt, þá kom sú hugmynd að gera eitthvað öðruvísi og láta gott af okkur leiða fyrir landið,“ sagði Ólafur Þórðarson Ríómaður þegar fyrsta platan var afhent Sveini Runólfssyni landgræðslustjóra á blaðamannafundi í gær.

Yfir hundrað Lionsklúbbar um allt land munu annast sölu og platan kemur ekki í verslanir fyrir en söluátakinu lýkur þann 23. nóvember.

Lionsfélögum til aðstoðar í Reykjavík verða 11 og 12 ára skólabörn sem fá að launum ferð í Gunnarsholt þar sem þau geta af eigin raun kynnt sér starf Landgræðslunnar.

Kaupþing hf hefur tekið að sér að fjármagna verkefnið og veita ráðgjöf. Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, styður framtakið einnig og ritar hvatningarorð á plötuumslagið sem er hannað af auglýsingastofunni Nýr dagur. -vð.



Ríó hefur gefið út plötuna Landið fýkur burt og fær Landgræðslan allan ágóða af sölu hennar. Mynd Kristinn


Rífið úr hefðbundnu samhengi

Þegar komið er inn í vestursal Kjarvalsstaða blasa við gangstéttarhellur, timburstafla og málningardósir. Ívar Valgarðsson hefur komið þar fyrir verkum sínum sem hann sýnir frá og með morgundeginum.

Innstallasjónir, eða innsetningar, er það sem Ívar býður áhorfendum að sjá í salnum. Þær eru settar saman úr hversdagslegu byggingarefni, sem hefur á engan hátt verið umbreytt. Því er aðeins raðað upp samkvæmt ákvörðun listamannsins. Listamaðurinn er ekki að skapa eða hanna hluti eða form, heldur velur hann hluti sem þegar eru til, rýfur hefðbundið samhengi, raðar upp og gefur nýja merkingu.

Sýning Ívars stendur til 8. desember og eru Kjarvalsstaðir opnir daglega kl. 10-18.

-BE



Þorbergur Halldórsson á efri hæð G 15 þar sem hann sýnir og selur skartgripa þá sem hann smíðar og hannar. Mynd: Kristinn.


Perlufestar, silfurkatlar og smámyndir í kjallara

Á Skólavörðustígnum, þar sem áður var verslað með föndurefni og pensla, hefur verið opnuð gullsmíðja og gallerí, G 15.

Þar eru nú til sölu perlufestar og silfurhringar skreyttir demóntum, og silfuketill, allt hannað og smíðað af Þorbergi Halldórssyni sem ræður ríkjum í G 15.

Úr gullsmíðjunni liggur stigi niður á götuhæðina og þar er galleríið. Þar sýnir nú Jón Axel Björnsson nokkrar smámyndir. Þorbergur segir hugmyndina vera þá að reyna að fá gullsmíði, hönnuði, ljósmyndara og fleira gott fólk til að sýna í galleríinu og skapa þannig vettvang fyrir sýningar á listmunum sem oftast er ekki að finna í galleríum og söfnum hérlandis.

Þorbergur lærði hér heima hjá Óskari Kjartanssyni gullsmíði. Þar segist hann mestmegnis hafa fengið við það að smíða lögreglumerki og orður, en hann hafi nýtt kvöldin í það að smíða og hanna eigin muni. Eftir að handbragðið var fulllært hélt Þorbergur til kóngsins Kaupmannahafnar og útskrifaðist úr gullsmíðaháskólanum þar síðastliðið vor. Arið áður hlaut hann „Kunstaandværkprisen“ sem Danadrottning veitir. Ítalir eru allra þjóða mestir hönnuðir nú og brá Þorbergur sér til menning-



Jón Axel Björnsson listamaður er þekktastur fyrir stór málverk. Í galleríinu við Skólavörðustíg 15 sýnir hann á sér nýja hlið. Þar eru nú til sýnis nokkrar smámyndir og var myndin tekin þegar listamaðurinn kom þeim fyrir á dögnum.

arborgarinnar Flórens og nam nokkra mánuði við Scuola Lorenzodi Medici.

Þorbergur segir að enginn einn stíll höfði til hans fremur en annar. Þeim formum sem hann fæst við hefur hann safnað í sarpinn gegnum tíðina, án þess að leita meðvitað fanga á einum stað. Í skartgripasmíði er næstum allt leyfilegt nú á dögum, og því til sönnunar sýnir Þorbergur blaðamanni nokkur tímarit þar sem er að finna það nýjasta frá frægum hönnuðum.

Mikil eftirspurn virðist vera eftir sérhönnuðum hlutum, handsmíðuðum og saumuðum, og gerviefni hafa vikið fyrir náttúruæfnum. Þorbergur segir það hafa komið sér skemmti-

lega á óvart eftir að hann kom heim að fólk vill handsmíðaða muni, og kys þá framyfir þær innfluttu vörur sem hann hefur einnig á boðstólum.

Enn hefur gullsmíði ekki fengið fulla viðurkenningu sem list. Þorbergur segir æskilegt að námið hér heima sé ekki einskorðað við handverkið, heldur sé nauðsynlegt að kenna listasögu og leggja áherslu á hönnun.

Stundum jaðrar við að skartgripir séu skúlptúrar, og gullsmíðir smíða ekki bara hálsfestar og giftingarhringa. Þorbergur hefur numið silfursmíði og hefur hannað og smíðað stóra hluti, eins og ketil einn sem er til sýnis í G 15.

BE



Ívar Valgarðsson á Kjarvalsstöðum. Mynd: Jim Smart.

68 55 22

